



UMHVERFIS
STOFNUN

Þjórsárdalur

Aðgerðaáætlun



UMHVERFIS
STOFNUN

Um aðgerðaáætlunina

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsöröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í til að verndargildi Þjórsárdals haldist. Aðgerðirnar miða jafnframt að því að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlun um framtíðarsýn svæðisins.

Neðangreindar aðgerðir eru annars vegar uppbygging innviða og hins vegar önnur verkefni sem geta verið reglubundnar aðgerðir eða sértækar sem stefnt er að skv. stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna. Þær eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fái stöðugt hvernju sinni.



Uppbygging innviða

Árlegar/reglulegar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

Árlegar/reglulegar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

Árlegar/reglulegar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

Árlegar/reglulegar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

Árlegar/reglulegar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

Árlegar/reglulegar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

Árlegar/reglulegar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

Árlegar/reglulegar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

Árlegar/reglulegar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

Árlegar/reglulegar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

Árlegar/reglulegar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

Árlegar/reglulegar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

Árlegar/reglulegar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

Árleg eða regluleg verkefni

- Ástandsmat verði unnið árlega fyrir áfangastaði ferðamanna og gönguleiðir.
- Árlega verði vöktun á framgangi framandi ágengra tegunda plantna og skal stuðla að upprætingu þeirra eftir þörfum.
- Vöktun á ástandi fornminja í samvinnu við Minjastofnun
- Boðið verði upp á reglulegar fræðslugöngur með landverði yfir sumartímann ár hvert.
- Reglulega verði unnin þolmarkagreining á áningastöðum með tilliti til náttúru og upplifun gesta í samstarfi við fagaðila.
- Viðhald gönguleiða í Þjórsárdal

2024

- Lokið verði við að deiliskipuleggja áfangastað ferðamanna við Háafoss og Granna með tilliti til verndun náttúru, upplifun og öryggi gesta.
- Lokið verði uppbyggingu hringleiðar frá Stöng að Gjánni og til baka.
- Gerð fræðslu og upplýsingaskilta á helstu áfangastöðum ferðamanna.
- Gerð fræðsluskilta við fornminjar á helstu viðkomustöðum ferðamanna innan landslagsverndarsvæðisins í samvinnu við Minjastofnun.
- Vegvísar settir upp við útivistar- og reiðleiðir.
- Settar verði upp merkingar um bann við notkun dróna þar sem það á við.
- Bygging salernishúss með dagaðstöðu fyrir landverði við bílastæðið við Stöng í samræmi við deiliskipulag.
- Gerð verði greining á mögulegum áningarstöðum sem skulu vera aðgengilegir hreyfihömluðum.

2025

- Bæta aðgengi hreyfihamlaðra að Stöng í samstarfi við Minjastofnun.
- Bygging útsýnispalls við Háafoss til að auka öryggi gesta.
- Hönnun og bygging salernishúss við Háafoss.
- Hönnun og gerð bílastæða við Gjánna og Háafoss.
- Frágangur á bílastæðum við Hjálparfoss og Stöng.
- Viðhald gönguleiðarinnar milli Háafoss og Stöng.
- Uppbygging göngustígs frá bílastæði við Háafoss að útsýnisstöðum.
- Gerð útsýnisstaðar fyrir hjólastóla við Gjánna í samræmi við deiliskipulag.
- Uppsetning leiðbeinandi skilta um hjólreiðar á gönguleiðum.
- Hjólagrindur settar upp við bílastæði við náttúruvættin.
- Göngubrú reist yfir Fossá sem tengir útivistarleiðir milli Rauðukamba og Stangar.

**Aðrar aðgerðir sem styðja
við stefnu um
landslagsverndarsvæði í
Þjórsárdal**

Önnur verkefni

- Gerð verði atvinnustefna fyrir landslagsverndarsvæðið í samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp og í samráði við hagsmunaaðila.
- Gerð verði áætlun um samráð við hagsmunaaðila vegna stjórnunar og verndunar landslagsverndarsvæðisins.
- Gerð verði áætlun um stikun og merkingar göngu-, hjóla- og reiðleiða sem tengjast leiðum innan landslagsverndarsvæðisins í samræmi við skipulag sveitarfélagsins.
- Gerð verði útekt á ástandi gervigíga og gripið til ráðstafana ef hætta er á röskun á verndargildi þeirra.
- Komið verði í veg fyrir útbreiðslu lúpínu innan náttúruvætta og unnið að upprætingu hennar innan náttúruvættisins Hjálparfossi.
- Óskað verði eftir auknu viðhaldi vega á og við landslagsverndarsvæðið við Vegagerðina og að settar verði upp vegmerkingar og vegstikur þar sem þeirra er þörf.
- Gert verði mat á því hvaða vegi skuli merkja einungis færa breyttum jeppum í samráði við Vegagerðina og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.
- Gerð verði þarfagreining á stækkun og fjölgun á bílastæðum við athyglisverða staði í samráði við Vegagerðina og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.
- Kannað verði hvort nauðsynlegt sé að skilgreindir verði lendingastaðir fyrir þylur innan landslagsverndarsvæðisins þar sem það er heimilt.
- Gert verði mat á ástandi reiðleiða og ráðstafanir gerðar eftir þörfum til að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðurskemmdir.
- Unnið verði að því að auðvelda aðgengi að drykkjarvatni á áningastöðunum við Hjálparfoss og Stöng.
- Gerð verði fræðsluáætlun fyrir verndarsvæðið í samvinnu við Minjastofnun.
- Settir verði upp gönguteljarar á völdum áfangastöðum.
- Skilgreind verði efnistökusvæði og gerð áætlun um lokun þeirra sem eru ekki lengur í notkun í samráði við Vegagerðina og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.
- Sótt verði um í styrkvegasjóð eftir þörfum vegna viðhalds vega utan stofnvega á landslagsverndarsvæðinu í samráði við Skeiða- og Gnúpverjahrepp.
- Stika gönguleið frá Stöng að Hjálparfossi í samræmi við skipulag.
- Sótt verði um fjármagn í samstarfi við Vegagerðina í hönnun og gerð áningarstaðar við innkomuleiðir á landslagsverndarsvæðið með nægilegum bílastæðum og skiltum með upplýsingum um verndarsvæðið í samráði við Skeiða- og Gnúpverjahrepp.



UMHVERFIS
STOFNUN